

Samningur milli Sameykis og Búnaðarsambandanna

1. Réttindi og skyldur

- 1.1 Samningur þessi tekur til þeirra frjótækna sem eru félagar í Sameyki- stéttarfélag í almannaþjónustu og Frjótæknafélagi Íslands og eru þeir nefndir félagsmenn í samningi þessum.
- 1.2 Um kjör félagsmanna, sem samningur þessi tekur til, skal fara eftir kjarasamningi Sameykis við fjármálaráðuneytið, þar sem annað er ekki ákvæðið í samningi þessum. Greiðslur til sjóða á vegum Sameykis fari fram í samræmi við sama samning.
- 1.3 Frjótækna, hvort sem um er að ræða frjótækna í aðalstarf eða aukastarf, skal slysatryggja með sömu kjörum og ráðunauta Ráðgjafamiðstöðvar Landbúnaðarins.
- 1.4 Réttindi og skyldur félagsmanna skulu vera hliðstæð ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
- 1.5 Um kjarasamninga og vinnudeilur skal farið eftir ákvæðum laga nr. 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna.
- 1.6 Gildistími og uppsögn samnings þessa fer eftir ákvæðum í lögum nr. 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna.
- 1.7 Við ráðningu starfsmanns er skylt að nota til þess gerðan ráðningarsamning, sem báðir aðilar undirrita. Í samningnum skal tilgreina laun, vinnutíma, starfsaldur, lífeyrissjóð og önnur starfskjör, svo og um stéttarfélag.

2. Skilgreining starfa og röðun í launaflokka.

- 2.1 Röðun í launaflokka sem tekur gildi frá og með 1. sept 2021
Byrjunarlaun verða í launaflokki 23 - 0
Eftir 1 ár í starfi í launaflokk 24 - 0
Eftir 3 ár í starfi í launaflokk 25 - 0
Eftir 5 ár í starfi í launaflokk 26 - 0

Eingreiðsla

Við næstu útborgun eftir undirritun samnings skal greiða eingreiðslu sem nemur 200.000 kr. miðað við 100% starfshlutfall.

Þann 1 janúar 2022:

Byrjunarlaun verða í launaflokki 24 - 0
Eftir 1 ár í starfi í launaflokk 25 - 0
Eftir 3 ár í starfi í launaflokk 26 - 0
Eftir 5 ár í starfi í launaflokk 27 - 0

Frá og með 1 janúar 2023 verða laun uppfærð samkvæmt launavísitölu frá 1.jan. 2022

2.2 Launagreiðslur

Launagreiðslur til frjótækna taka breytingum eins og kveðið er á um í launatöflu Sameykis og ríkisins á hverjum tíma.

2.3 Vinna í hádegistíma

Starfs sín vegna þurfa frjótæknar að ferðast á milli starfsstöðva og í vissum tilfellum hafa þeir ekki aðgang að mötuneyti. Vegna þessa skulu þeir fá hálfan fæðisdagpeninga að meðaltali þrjá starfsdaga í mánuði s.b.r grein 5.2.1 í aðalkjarasamningi Sameykis og auglýsingar ferðakostnaðarnefndar ríkisins. Greiðslan greiðist hlutastarismönnum í samræmi við starfshlutfall þeirra hverju sinni.

3. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka.

3.1 Fangskoðun

Allir frjótæknar þurfa að ráða við að finna hvort kýr sé með kálfi eða ekki. Þegar frjótæknir fangskoðar að beiðni bónda greiðist ákveðið gjald fyrir hverja skoðun og er það samkvæmt gjaldskrá hvers búnaðarsambands. Rafræn skráning þarf að eiga sér stað í Huppu, gjaldið rennur að fullu til viðkomandi frjótækis.

4. Önnur starfskjör

4.1 Búnaðarsambönd beiti sér fyrir því í samráði við Bændasamtök Íslands, að frjótæknar fái aðstöðu til endurnýjunar á starfsþekkingu sinni. Skulu frjótæknar fá allt að 3ja mánaða frí frá störfum á fullum launum til námsdvalar innan lands eða utan á 10 ára fresti, ef þeir óska þess. Komi til þess skal það gert í samráði við viðkomandi búnaðarsamband.

4.2 Ef frjótæknar eiga bifreiðar þær, er þeir ferðast á í þágu búnaðarsambandanna, verði fyrir akstur greitt í samræmi við ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar.

4.3 Ef betur hentar að frjótæknir noti eigin tölvu og netsamband til að skrá sæðingar en að skráningin fari fram á aðsetri búnaðarsambands er viðkomandi búnaðarsambandi skylt að semja við hann hæfilega þóknun fyrir notkunina. Jafnframt skal leggja þeim til síma og greiða símakostnað.

4.4 Vegna viðveruskyldu frjótækna um helgar allt árið og á sérstökum frídögum skal veita þeim 11 daga leyfi eða 88 klst. leyfi á ári. Leyfi þetta má taka hvenær ársins sem er, en lengist ekki eins og orlof það sé tekið utan orlofstíma. Fullt samráð skal vera um hvenær leyfi þetta er tekið og skal orðið við óskum starfsmanns um leyfið sé þess nokkur kostur.

4.5 Vegna starfa sinna skal frjótæknum lagður til þeim að kostnaðarlausu nauðsynlegur hlífðarfatnaður svo sem öryggisskófatnaður, sloppar, samfestingar eða kuldagallar eins og þurfa þykir eða í þess stað tiltekna upphæð fatapeninga árlega, ef um það semst.

5. Starfskjör frjótækna i hlutastarfi.

- varðar kaup og kjör frjótækna sem hafa sæðingar að aukastarfi, en eru ráðnir a.m.k. til eins árs.

5.1 Frjótæknir skal fella niður störf annan hvern sunnudag, og auk þess eftirtalda daga: 1. janúar, föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní og jóladag. Auk þess skal honum heimilt að fella niður störf þann dag sem frjótæknar halda sinn árlega aðalfund.

5.2 Búnaðarsamband, einstakur frjótæknir og fulltrúi stjórnar Frjótæknafélags Íslands skulu semja um vinnulaun sem hlutfall af launum fastráðinna frjótækna með sama starfsaldur og skal þetta hlutfall aldrei vera lægra en 20% af föstum launum frjótækna í fullu starfi. Hafi frjótæknirinn viðveruskyldu á laugardegi, sunnudegi eða sérstökum frídegi, þá skal ennfremur greiða honum fyrir unninn tíma þá daga, með því yfirvinnukaupi sem frjótækni í fullu starfi bæri, og að lágmarki ein og hálf klst. hvren þann helgidag er skyldan varir. Nái þessir þrír aðilar ekki samkomulagi um launahlutfall skulu laun frjótækni í aukastarfi vera sem hér segir:

Greitt skal fyrir hverja framkvæmda sæðingu upphæð sem jafngildir andvirði 1% af þeim mánaðarlaunum sem frjótæknir í fullu starfi bæri. Hafi frjótæknirinn viðveruskyldu 1 klst. hvern virkan dag skal greiða 0,615% af þeim launum sem frjótækni bæri, væri um að ræða frjótækni í fullu starfi. Hafi frjótæknir viðveruskyldu á laugardegi, sunnudegi eða sérstökum frídegi, skal greiða honum eina og hálf klst. þá daga sem skyldan varir, með því yfirvinnukaupi sem frjótæknir í fullu starfi bæri.

5.3 Búnaðarsamband greiðir launa og bifreiðargjald fyrir liðinn mánuð, gegn framvísun reiknings, fyrir 15. næsta mánaðar.

6. Gildistími.

Frjótæknar sem notið hafa betri réttinda en samningur þessi kveður um, hvort heldur er í launum eða öðrum starfskjörum, skulu halda þeim.

Gildistími sammings þessa er frá 2. september 2021 og með 31. mars 2023.

Akureyri, 02. september 2021

Fyrir hönd Sameykis

Fyrir hönd
Búnaðarsambanda með
fyrirvara um samþykki
stjórnar

Fylgiskjal með samningi
Búnaðarsambandanna og SFR- stéttarfélag í almannajónustu.

Aðilar eru sammála um að í kjölfar þessa samnings hafi Búnaðarsamböndin heimild til þess að endurskoða starfssvið einstakra frjótækna og fela þeim önnur störf fyrir Búnaðarsamböndin, eða ráða þá í hlutastörf.

Aðilar eru sammála um að á samningstímabilinu skuli samningsaðilar taka til athugunar við hvaða starfshóp/a geti talist sanngjarnt að bera launakjör frjótækna saman við. Þeir skulu starfa í sama starfsumhverfi og frjótæknar.

Búnaðarsamböndin samþykkja fyrir sitt leyti að þeir frjótæknar, sem þess óska og eru í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, færist yfir í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Búnaðarsamböndunum ber að innheimta félagsgjald hjá öllum frjótæknum, sem taka laun samkvæmt þessum samningi, og skila því til SFR.

Akureyri, 25. apríl 2017

Undirritunarsíða

Fyrir hönd Sameykis
Árni Stefán Jónsson

Fyrir hönd Búnaðarsambanda
Gunnar Kristinn Eiríksson

Fyrir hönd Sameykis
Hermann Árnason

Fyrir hönd Búnaðarsambanda
Jón Gíslason

Fyrir hönd Sameykis
Andri Már Sigurðarson

Fyrir hönd Búnaðarsambanda
Gestur Jónmundur Jensson

Fyrir hönd Sameykis
Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson

Fyrir hönd Sameykis
Stefanía Jóna Nielsen